

Réttur til verndar, virkni og velferðar.

Barnaverndarþing 2014.

Hilton Reykjavík Nordica 25. og 26. september.

Málstofur.

Málstofa fimmtudaginn 25. September kl. 12:45 – 14:15

Salur A og B á fyrstu hæð

Eru reglur um málsmeðferð mikilvægar?

Hvert er hlutverk barnaverndaryfirvalda?

Hrefna Friðriksdóttir, dósent í fjölskyldu og erfðarétti Háskóla Íslands

Í nútímavelferðarkerfi koma fjölmargir opinberir aðilar að því að tryggja barni þá vernd og umönnun sem barnið á rétt á að njóta. Þarfir barns í vanda kalla yfirleitt á aðkomu og samspil margra kerfa og ólíkra stofnana, t.d. innan barnaverndar-, félagsþjónustu-, heilbrigðis- og menntakerfis. Margir kannast við óöryggi og jafnvel átök milli kerfa um hver beri ábyrgð í máli tiltekins barns og hversu langt ábyrgðin nái - ekki síst þegar barn glímir við samsettan og fjölpættan vanda. Til að tryggja skýra, markvissa og samfellda þjónustu er mikilvægt að afmarka ábyrgð hvers og eins og hvernig samstarfi skuli háttað. Slík afmörkun er einnig grundvöllur þess að öll börn á landinu njóti sambærilegar verndar og þjónustu. Ljóst er að barnaverndaryfirvöld hafa víðtæku hlutverki að gegna. Hlutverk þeirra afmarkast þó af ákvæðum barnaverndarlaga þar sem markaður er rammi um verkefni og fjallað all ítarlega um starfshætti þeirra og meðferð einstakra mála. Í erindinu verður leitast við að varpa ljósi á hugtakið barnaverndarmál og afmarka hlutverk barnaverndaryfirvalda með hliðsjón af verkefnum annarra þjónustukerfa.

Hvers vegna reglur um málsmeðferð?

Hafsteinn Dan Kristjánsson, aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis

Í barnaverndarlögum er kveðið á um sérstakar málsmeðferðarreglur fyrir barnaverndarnefndir og fyrir kærunefnd barnaverndarmála. Þar fyrir utan gilda ákvæði stjórnarsýslulaga og almennar grundvallarreglur stjórnarsýsluréttarins. Þessar reglur lúta m.a. að leiðbeiningarskyldu, rannsókn máls, málshraða, andmælarétti og upplýsingarétti og aðgangi að gögnum máls. Spyrja má hvaða ástæður eða hagsmunir búi að baki því að hafa slíkar reglur; hvers vegna hafa verið settar reglur um málsmeðferð í barnaverndarmálum? Í því sambandi verður að hafa í huga að í barnaverndarmálum getur reynt á mikilsverða hagsmuni barna, foreldra þeirra og annarra tengdra einstaklinga, s.s. um friðhelgi fjölskyldu og rétt barna til þeirrar verndar og umönnunar sem velferð þeirra krefst. Barnaverndarnefndir hafa heimildir til að grípa til ráðstafana sem hafa áhrif á þessa hagsmuni, s.s. um neyðarráðstafanir, úrskurða um vistun barna utan heimilis og til að krefjast forsjárviptingar fyrir dómi. Réttaröryggi aðila barnaverndarmála skiptir því miklu máli. Í erindinu verður m.a. fjallað um mikilvægi málsmeðferðarreglna í þessum málum í ljósi þeirra hagsmuna sem þar eru undirliggjandi.

Þegar á hólminn er komið. Greining á niðurstöðum dómstóla vegna vistana utan heimilis á árunum 2010-2012

Heiða Björg Pálmadóttir, doktorsnemi við lagadeild HR og lögfræðingur Barnaverndarstofu

Barnaverndarmál eru að mörgu leyti ólík öðrum málum sem koma á borð stjórnvalda, m.a. vegna þeirra hagsmuna sem vegast á í málunum. Í barnaverndarmálum erum við alltaf að gæta að tveimur grundvallarréttindum, sem stundum er erfitt að finna jafnvægið á milli, þ.e. friðhelgi fjölskyldunnar annars vegar og rétti barns til þeirrar verndar og umönnunar sem velferð þess krefst hins vegar. Einnig má ætla að sjónarmiðið um það, sem er barni fyrir bestu, hafi mikið vægi við vinnslu þessara mála. Þessi sérstaða barnaverndarmála gerir þau áhugaverð sem rannsóknarefni. Doktorsverkefni mitt lýtur að því að skoða hvernig stjórnslureglur og fyrrnefnd grundvallarréttindi foreldra og barna fara saman í barnaverndarmálum. Hluti rannsóknarinnar lýtur að því að greina niðurstöður dómstóla vegna vistana utan heimilis á árunum 2010 – 2012. Í erindinu verða fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar kynntar og farið yfir hvaða vísbendingar er að finna í málunum, svo sem hvert er vægi málsmeðferðarreglna í stjórnslurétti þegar málin koma fyrir dóm, hvers konar skoðun málin fá hjá dómstólum og hvernig lögmennt rökstyðja fyrir dómi að ekki eigi að fallast á kröfur barnaverndarnefnda.

Málstofa A fimmtudaginn 25. sept. Kl. 14:45 – 16:15
Salur A á fyrstu hæð
Kynferðislegt ofbeldi, forvarnir og verklag

Málsmeðferð réttarkerfisins í málum um kynferðisbrot gegn börnum

Hrefna Friðriksdóttir dósent í fjölskyldu og erfðarétti Háskóla Íslands og Anni G. Haugen félagsráðgjafi og lektor við félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands

Eitt af þeim verkefnum sem Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum hefur haft umsjón með er gerð fræðsluefnis um málsmeðferð réttarkerfisins í málum um kynferðisbrot gegn börnum. Markmiðið er að:

- greina meginreglur Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Lanzarote-samningsins og Leiðbeininga um barnvænlega réttarvörslu og draga fram þau atriði sem ber að hafa að leiðarljósi við meðferð réttarkerfisins á málum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum
- kortleggja meðferð máls um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum innan réttarkerfisins
- fjalla um hlutverk, vinnulag og samspil ólíkra aðila innan réttarkerfisins og greina hvernig haga megi málsmeðferð til að tryggja fyrirmyndarviðbrögð við kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.

Verið er að leggja lokahönd á fræðsluefnið. Þar verður lögð áhersla á mikilvægi samvinnu allra þeirra kerfa sem koma að málsmeðferð í þessum málaflokki á einn eða annan hátt þannig að unnt sé að tryggja samfellu í málsmeðferðinni og bestu mögulegu lausn fyrir barnið. Hlutverk barnaverndarkerfisins í þessum málum er sérstakt því enginn annar opinber aðili fylgir barninu eftir allt frá því að grunur vaknar um að það hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og þar til málinu er lokið og líðan barnsins orðin viðunandi.

Í erindinu verður fræðsluefnið lauslega kynnt ásamt leiðarljósum sem hafa þarf í huga við vinnslu þessara mála. Megináhersla verður á hlutverk og verkefni barnaverndarkerfisins þegar grunur vaknar um að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi og á hvern hátt áherslur í starfi barnaverndarstarfsmanna geta best tryggt hagsmuni barnsins, m.a. með hliðsjón af þeim alþjóðasamningum og lögum sem gilda um málaflokkinn.

Hlutverk réttargæslumanns

Guðrún Sesselja Arnardóttir lögmaður og réttargæslumaður

Farið verður yfir helstu lagaákvæði sem varða hlutverk réttargæslumanna og jafnframt lagaákvæði sem fjalla um réttindi brotþola almennt.

Sérstaklega verða skoðuð þau ákvæði sem eiga við þegar brotþolar eru börn, annars vegar undir 15 ára og hins vegar eftir að þau eru orðin 15 ára, en réttarstaðan er ekki að öllu leyti sú sama. Fjallað verður um hagsmuni brotþola við meðferð máls, fyrst stuttlega almennt, en svo verður farið yfir aðstöðuna þegar brotþoli er ólöggráða fyrir æsku sakir og þá m.a. um hvort forsjáaðili, sem krefst bóta fyrir hönd barnsins, á sömu réttindi og brotþoli sjálfur, t.d. til að fá gögn afhent. Einnig verður komið inn á aðstöðuna þegar foreldri er gerandi og hugsanleg samskipti réttargæslumanns við barnavernd.

Jafnframt er fjallað um mismunandi aðstöðu til skýrslutöku af börnum, þ.e. eftir því hvort hún fer fram í sérútbúinni aðstöðu í dómi eða í Barnahúsi og hvaða fyrirkomulag er heppilegast.

Sexting: heilbrigð kynvitund og áhættuhegðun

Margrét K. Magnúsdóttir, sálfræðingur og sérhæfður rannsakandi í Barnahúsi

Sýnt viðtal við Tinnu Ingólfssdóttur þolanda.

Eftir sýningu viðtals við Tinnu Ingólfssdóttur, þolanda „sexting“, verður fjallað stuttlega um fyrirbærið „sexting“. Þar sem leitast er eftir að svara spurningum á borð við: Hvað er það ? Hverjir „sexta“? Hverjar eru afleiðingarnar? Og hvernig birtist það okkur sem vinnum í þessum málaflokki?

Málstofa B fimmtudaginn 25. sept. Kl. 14:45 – 16:15
Salur B á fyrstu hæð
Það skiptir máli að byrja snemma!

Hvað er svona merkilegt við fyrstu árin?

Sæunn Kjartansdóttir, sálgreinir hjá Miðstöð foreldra og barna

Á undanförunum áratugum hafa ótalmargar rannsóknir sýnt fram á að tímabilið frá getnaði til tveggja ára aldurs hafi meiri áhrif á framtíðarheilbrigði einstaklingsins en nokkurt annað æviskeið. Þá er heili barnsins í örustum vexti en mótun hans er mjög undir umhverfinu komin. Ungbarn þarfnast umönnunar foreldra sem geta veitt því öryggi og haldið streitu þess í skefjum. Að öðrum kosti má búast við röskun á líffræðilegum og sálrænum viðbrögðum til lengri jafnt sem skemmri tíma. Þrátt fyrir þetta hafa börn og foreldrar þeirra ekki aðgang að helstu meðferðarstofnunum hér á landi fyrr en þau eru a.m.k. þriggja ára. Í erindinu verður farið yfir lykilhugtök tengslamyndunar og áhrif hennar á heila- og tilfinningaþroska ungbarna til lengri jafnt sem skemmri tíma. Færð eru rök fyrir mikilvægi þess að vinna með tengsl foreldra og barna fremur en að leita raskana og sjúkdóma hjá börnum.

Forvarnir á þroska- og hegðunarstöð heilsugæslunnar

Gyða Haraldsdóttir, sálfræðingur Ph.D. Forstöðumaður þroska- og hegðunarstöðvar

Skilgreint hlutverk *þroska- og hegðunarstöðvar* er að efla lífsgæði og framtíðarhorfur barna, draga úr hamlandi áhrifum frávíka í þroska, hegðun og líðan og vinna gegn þróun alvarlegri vanda. Þetta er gert með því að styðja við markvissa skimun í ung- og smábarnavernd til að frávik finnist snemma og að gripð sé inn í með viðeigandi úrræðum. ÞHS er leiðandi innan heilsugæslunnar um fræðilega og hagnýta þekkingu á greiningu og meðferð þroska- og hegðunarfrávika barna og sinnir þróun, fræðslu, meðferð, rannsóknum, starfsþjálfun og handleiðslu. Á ÞHS er þverfaglegur starfshópur með fjölbreytta reynslu og sérþekkingu sem sinnir sérhæfðri 2.–3. stigs þjónustu vegna þroska- og hegðunarfrávika barna. Nefna má frumgreiningu fyrir ung börn með merki um þroskafrávik, nánari greiningu fyrir stálpuð börn með sterkar vísbendingar um ADHD og skyldar raskanir, foreldraráðgjöf, lyfjameðferð og meðferð í formi mismunandi færniþjálfunarnámskeiða fyrir foreldra og börn.

Snemmtæk íhlutun, það skiptir máli að byrja snemma

Ingibjörg Ásgeirsdóttir, félagsráðgjafi og fjölskylduþerapisti og Þorgerður Gunnarsdóttir, sérfræðingur í geðhjúkrun/HAM frá FMB teymi Landspítalans

Teymið sinnir foreldrum þó oftast mæðrum sem glíma við alvarlegan geðheilsuvanda á meðgöngu og/eða tengslavanda við barn sitt. Algengast var að mæðurnar glímdu við þunglyndi eða kvíða en þó var einnig konum með fíknivanda eða geðhvarfasjúkdóma vísað til teymisins. Hluti hópsins voru konur með langvinnan geðrænan vanda, erfiðar félagslegar aðstæður eða konur sem höfðu orðið fyrir áföllum í æsku, verið í neyslu eða áttu maka í neyslu. Þessi hópur þarf oft fjölþætt inngrip frá teyminu og því kemur fyrir að fjölskyldur eru með fleiri en einn meðferðaraðila innan teymisins. Feður með þunglyndi, kvíða og fíknivanda hafa einnig verið skjólstæðingar teymisins, til að mynda eftir að maka þeirra hefur verið vísað í teymið. Samkvæmt erlendum rannsóknum geta geðsjúkdómar móður í tengslum við meðgöngu og fæðingu verið alvarlegur heilsufarsvandi. Mikill fjöldi rannsókna hefur sýnt að gæði umönnunar í frumbersku hefur áhrif á líkamlegan, hugrænan, félagslegan og tilfinningalegan þroska barna. Þegar foreldrar glíma við geðsjúkdóma eða tengslavandi er til staðar á milli foreldra og barna verða áhrifin mikil á líðan og þroskaferil barnanna. Eru þau áhrif í sumum tilfellum óafturkræf og geta valdið ýmsum vanda síðar á ævi barnanna, svo sem hegðunartruflunum og geðröskunum. Rannsóknir hafa sýnt að inngrip með faglegru hjálp þegar taugakerfi barnsins er enn í hröðum vexti skipti sköpum. FMB teymið hefur lagt sig fram um að byggja þróun þjónustunnar á ört vaxandi þekkingargrunni og boðið upp á úrræði þar sem ekki aðeins er unnið með geðrænan vanda foreldris, heldur einnig með foreldrahæfni og tengslamyndun við barnið.

Málstofa C fimmtudaginn 25. sept. Kl. 14:45 – 16:15
Salur G á annari hæð
Hvernig innleiðum við PMTO með árangursríkum hætti

Innleiðing sannreindra meðferðarþrógramma: PMTO á Íslandi

Margrét Sigmarsdóttir sálfræðingur Ph.D, Miðstöð PMTO-FORELDRAFÆRNI, Barnaverndarstofu

Nokkur *sannreynd* meðferðarúrræði, til að meðhöndla og fyrirbyggja hegðunarerfiðleika, hafa verið innleidd víða um heim. Það er hins vegar gjá á milli þess annars vegar að tilgreina sannreynd meðferðarþrógrömm og hins vegar að beita slíkum úrræðum með árangursríkum hætti sem hluta af almennri þjónustu á stofnunum. Markmið þessa erindis er að kasta ljósi á mikilvæga þætti, sem leiða til árangursríkrar innleiðingar samhliða því að skoða þróun og stöðu PMTO á Íslandi. Faglegur og stjórnunarlegur stuðningur, *vel valdir* meðferðaraðilar sem fá viðeigandi þjálfun og njóta viðvarandi handleiðslu, nákvæmt innra skipulag og reglulegt eftirlit með fylgni við meðferð (*fidelity*) og árangri meðferðar eru meðal þátta sem þurfa að vera til staðar. Á Íslandi er fylgni við meðferð há, árangur mælist góður og á annað þúsund foreldra hafa fengið PMTO meðferð.

PMTO implementation in Denmark

Goye Thorn Svendsen faglegur verkefnisstjóri Socialstyrelsen í Danmörku

PMTO has been implemented in Denmark since 2004 as part of a national strategy for dissemination of evidence-based programs. The dissemination has been supported by state funds but in the future there will be very few state funds for spreading PMTO. PMTO Denmark has now reached the next level in the development. Success for evidence-based programs are highly dependent on the selection and maintenance; Selection of the right people, leaders and organizations. Who are the best therapists? What is the manager role? The PMTO Therapists work with the most vulnerable families. How do we maintain commitment and joy when we constantly meet depression, conflict, violence and quarrels? What will it take to ensure a continued benefit of using an evidence-based program? And finally, what are the benefits of using PMTO? Which children will benefit? What is economic and academic perspectives using the PMTO model?

Hvernig er PMTO notað í barnaverndarstarfi?

Þuríður Sigurðardóttir, félagsráðgjafi og fyrrum verkefnisstjóri á skóladeild Akureyrarbæjar
Arndís Þorsteinsdóttir, sálfræðingur á þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts
Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir, félagsráðgjafi og félasmálastjóri í Sandgerði
Elísa Ingólfssdóttir, félagsráðgjafi og verkefnisstjóri PMTO hjá Hafnarfjarðarbæ

Fjallað verður um forsögu, ávinninga og helstu áskoranir í PMTO.

Málstofa D föstudaginn 26. sept. Kl. 10:30 – 12:00

Salur A á fyrstu hæð

Þjónusta vegna hegðunar-og vímuefnavanda; áhættu-og verndandi þættir

MST – Fjölkorfameðferð

Funi Sigurðsson og Ingibjörg Markúsdóttir, teymisstjórar í MST á Íslandi

MST Fjölkorfameðferð var innleidd á Íslandi á vegum Barnaverndarstofu fyrir 6 árum síðan. Í erindinu munu Funi Sigurðsson og Ingibjörg Markúsdóttir teymisstjórar í MST fjalla um hugmyndafræðina á bak við meðferðina, verndandi þætti og áhættuþætti. Farið verður stuttlega yfir uppbyggingu meðferðarinnar, helstu markmið og stöðu þeirra. Að lokum er fjallað um áhrif MST á meðferðarkerfi Barnaverndarstofu."

Notkun áhættumats við meðferð og vistun unglunga á Stuðlum

Pórarinn V. Hjaltason, forstöðumaður Stuðla

Frá árinu 2009 hefur kanadíska áhættumatstækið Youth Level of Service – Case management Inventory (YLS/CMI) verið notað á Stuðlum til að meta áhættuhegðun og meðferðarþarfir unglunga. Spurt er út í þætti sem rannsóknir hafa sýnt að veita forspá varðandi afbrotahæðun unglunga. Á Stuðlum hefur matstækið þó verið notað án tillits til þess hvort unglingur eigi afbrotasögu að baki eða ekki þar sem orsakatengsl áhættuþátta við afbrot þarf ekki að vera fyrir hendi. Mikilvægt er að nota matið með réttmætum hætti, þ.e. þeir sem eru í mikilli áhættu hafa mestan ávinning af íhlutun, s.s. viðunnandi og viðeigandi meðferð. Á Stuðlum eru niðurstöður matsins hafðar til hliðsjónar þegar metið er hvort unglingur eigi erindi á Stuðla en einnig þegar meðferðaráætlun unglunga er útbúin. Þá er einkum verið að meta hvað þarf að vinna með (meðferðarmarkmið), hversu mikið þarf inngripið að vera (tímalengd meðferðar) og hvernig á að veita meðferðina (meðferðarnálgun).

Multidimensional Treatment Foster Care – MTFC

Bernedette Christensen, sérfræðingur í klínískri sálfræði og fagstjóri við Adferdssenteret

MTFC is an alternative to treating delinquent youth in institutions. The treatment model includes a team of professionals delivering treatment to many systems around the youth. Youth are placed individually in foster homes. The treatment is in a family setting and focusing on the youth *and* the family. It gives intensive support and treatment in a setting that closely mirrors normative life. Intensive parent management training is provided weekly to biological parents (or other aftercare resource) and the youth attend public schools. The treatment also includes individual therapy and skills training for the youth.

The presentation will also include information about the MultifunC institutions, that are based on research about what works in institutional settings for youth with serious antisocial behavior.

Málstofa E föstudaginn 26. sept. Kl. 10:30 – 12:00

Salur B á fyrstu hæð

Heimilisofbeldi – barnvæn nálgun, verklag og framtíðarsýn

Samstarf í þágu barna sem búa við heimilisofbeldi

Ragna Björg Guðbrandsdóttir, félagsráðgjafi MSW og verkefnisstjóri í tilraunaverkefni Barnaverndarstofu um barnvæna nálgun í vinnslu heimilisofbeldismála

Haustið 2011 fór í gang tilraunaverkefni á vegum Barnaverndarstofu (BVS), í samstarfi við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og barnaverndarnefndir á höfuðborgarsvæðinu. Tilgangur verkefnisins var að auka þjónustu við börn sem búa við heimilisofbeldi. Auk þess sem áhersla var lögð á að styrkja og efla samstarf þeirra aðila sem koma að málefnum barna sem búa við heimilisofbeldi. Á málstofu BVS verður farið yfir helstu niðurstöður tilraunaverkefnisins og hvernig unnið var með þeim börnum sem þjónustan náði til. Fjallað verður um viðbrögð barna sem verða vitni að heimilisofbeldi. Sagt verður frá þeim stuðningi sem þeim bauðst í framhaldi af aðkomu lögreglu og barnaverndar. Rætt verður um mikilvægi samvinnu lögreglu og barnaverndar í þessum málum þar sem stuttur viðbragðstími beggja aðila getur skipt sköpum fyrir velferð og öryggi barna sem búa við heimilisofbeldi.

Áfallaaðstoð fyrir börn sem verða vitni að heimilisofbeldi

Reynir Harðarson og Heiðrún Harpa Helgadóttir, sálfræðingar hjá Barnavernd Reykjavíkur

Undanfarið ár hafa sálfræðingar Barnaverndar Reykjavíkur boðið börnum sem hafa lent í eða orðið vitni að heimilisofbeldi viðtöl í kjölfar atburðarins. Í kynningu þeirra verður farið yfir aðdraganda þessa verkefnis og örlitla tölfræði. Þá verða dregin upp nokkur dæmi, sem gefa mynd af viðfangsefninu og svo fjallað um hvaða lærdóm má draga af þeirri reynslu sem komin er. Í lokin verður greint frá því hvert hægt er að stefna í þessum málum og sagt lítillega frá fyrirhuguðu átaksverkefni Reykjavíkurborgar gegn heimilisofbeldi í samvinnu við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu.

Verkefni lögreglu er tengjast heimilisofbeldi

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjórinn á Höfuðborgarsvæðinu

Greint verður frá tveimur nýlegum átaksverkefnum, sem lögregluliðin á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum hafa tekið þátt í undanfarin ár. Fyrri verkefnið var samstarfsverkefni Barnaverndarstofu, barnaverndarnefnda á höfuðborgarsvæðinu og lögreglu höfuðborgarsvæðisins og stóð verkefnið yfir í 20 mánuði frá 15. september til 15. maí 2013. Tilgangur þess var að veita börnum er urðu vitni að heimilisofbeldi sérhæfða þjónustu. Síðara verkefnið var samstarfsverkefni lögreglunnar og félagsmálayfirvalda á Suðurnesjum um heimilisofbeldi, en verkefnið nefndist "að halda glugganum opnum". Verkefnið fólst í markvissari viðbrögðum lögreglu og samstarfi við félagsþjónustur til að styðja við brotþola og gerendur. Markmiðið var að koma í veg fyrir brot, að ákæra í fleiri málum og að nýta betur úrræði og aðstoð við þolendur og gerendur. Loks verður tæpt á fyrirhuguðu átaksverkefni LRH og Reykjavíkurborgar um heimilisofbeldi.

Málstofa F föstudaginn 26. sept. Kl. 10:30 – 12:00

Salur G á fyrstu hæð

Undirbúningur og framkvæmd fóstur

Hlutverk Barnaverndarstofu á sviði fósturmála

Guðjón Bjarnason sálfræðingur og Bryndís S. Guðmundsdóttir uppeldis- kennslufræðingur, starfsmenn Barnaverndarstofu og leiðbeinendur á Foster Pride námskeiðum fyrir verðandi fósturforeldra

Rifjuð verður upp löng og söguleg hefð fósturráðstafana á Íslandi, fjallar um varanlegt, tímabundið og styrkt fóstur og hvað þessi hugtök fela í sér og hlutverk barnaverndarnefnda og Barnaverndarstofu á þessu sviði. Þá verður brugðið upp mynd af umfangi fósturráðstafana, rætt um hlutfall kynja, aldurssamsetningu fósturbarna og hvaða þróun hefur orðið í þessum efnum undanfarið, kynntur fjölda fósturheimila og staðsetning þeirra og hvaðan þau börn koma sem er ráðstafað í fóstur. Einnig verður fjallað um þjálfun fósturforeldra fyrir hlutverk sitt. Foster Pride námskeiðið verður kynnt, uppbygging þess og hvernig það er notað til að meta hæfni og vilja þátttakenda til að verða fósturforeldrar.

Hlutverk og verkefni starfsmanna barnaverndarnefnda í fósturmálum

Arna Kristjánsdóttir, félagsráðgjafi hjá Barnavernd Reykjavíkur

Fjallað verður um verkefni barnaverndarnefnda eftir að ákvörðun hefur verið tekin um að barni verði ráðstafað í fóstur, mismunandi undirbúning fósturráðstöfunar eftir því hvers eðlis hún er, val á fósturforeldrum og hvernig þátttöku kynforeldra og barns við undirbúning fósturráðstöfunar er háttáð. Að lokum fjallar Arna um umgengni barns við nákomna og eftirlit bvn. með börnum í fóstur.

Hlutverk fósturforeldra

Soffía Ellertsdóttir fósturmóðir og leiðbeinandi á Foster Pride námskeiðum fyrir verðandi fósturforeldra og Karen Rúnarsdóttir fósturmóðir

Fjallað verður m.a. um eftirfarandi:

- Reynsla fósturforeldra
- Af hverju að gerast fósturforeldri/fósturfjölskylda?
- Hvaða þættir eru mikilvægir fyrir fósturforeldra í aðdraganda og við upphaf fósturs?
- Þörf fósturforeldra fyrir aðstoð, handleiðslu o.s.frv.

Málstofa G föstudaginn 26. sept. Kl. 14:30 – 16:00
Salur G á fyrstu hæð
Hlutverk og samvinna í greiningu og meðferð

Meðferð á vegum Barnaverndarstofu

Halldór Hauksson, sálfræðingur og sviðsstjóri meðferðar- og fóstursviðs Barnaverndarstofu

Halldór mun fjalla um hlutverk og helstu verkefni Barnaverndarstofu á sviði greiningar og meðferðar fyrir börn og unglinga sem glíma við hegðunarerfiðleika eða vímuefnaneyslu. Í því sambandi verður fjallað um hvernig meðferðarkerfi Barnaverndarstofu hefur þróast undanfarin ár í takt við rannsóknir og viðmið um bestu aðferðir, hvernig staðan er í dag og hverjar eru helstu áskoranir í þjónustu við börn og fjölskyldur. Skoðað verður hvaða áhrif þessi úrræði geta haft á möguleika og væntingar annarra stofnanna og almennings til þjónustu. Jafnframt verður reynt að koma auga á hvar og hvernig reynir helst samstarf þeirra sem sinna greiningu og meðferð á þessu sviði en einnig hvort og hvar er þörf á úrbótum.

Hlutverk BUGL, samvinna í greiningu og meðferð

Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir, yfirlæknir á Barna- og unglिंगageðdeild Landspítalans

Heilbrigðisþjónusta fyrir börn með geðrænan vanda er oft og tíðum óaðgengileg og erfitt getur verið fyrir foreldra/ forráðamenn að fá þjónustu þegar þörf er á henni. Í erindi mínu mun verða farið yfir hvernig þjónusta er háttáð í dag, hver þróunin hefur verið síðastliðin ár og hvernig hægt er að sjá fyrir sér þjónustuna þróast. Rætt verður um hlutverk BUGL skv. lögum og sem deildar á Landspítalanum sem veitir sérfræðiþjónustu fyrir börn með alvarlegan vanda og jafnframt bráðaþjónustu. Deildin gegnir einnig fræðslu- og rannsóknarhlutverki. Rætt verður um styrkleika þjónustunnar og veikleika og hverjar verða áherslurnar næstu ár. Kynnt verður samvinna við aðrar stofnanir og hvað hefur gefist vel. Farið verður yfir samvinnu í greiningu og meðferð í einstökum málum, hvernig hún er í dag og framtíðarsýn.

Greiningar- og ráðgjafarstöð. Hlutverk og samvinna

Helga Kristinsdóttir, sálfræðingur og sviðsstjóri á fagsviði yngri barna á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins starfar samkvæmt lögum frá 2003 (nr. 83/2003) og heyrir undir velferðarráðuneytið. Markmið laganna er að tryggja að börn með alvarlegar þroskaraskanir sem geta leitt til fötlunar síðar á ævinni fái greiningu, ráðgjöf og önnur úrræði sem miða að því að draga úr afleiðingum röskunarinnar. Hlutverk stofnunarinnar er því að efla lífsgæði og bæta framtíð barna og unglinga með þroskaraskanir sem leitt geta til fötlunar. Greiningarstöð ber að sinna ráðgjöf og eftirfylgd til langs tíma fyrir þá sem búa við mestan og flóknastan vanda. Stofnunin á að vera leiðandi í rannsóknum og á einnig að tryggja öflun, viðhald og miðlun fræðilegrar þekkingar á þessu sviði. Unnið er út frá hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar og fjölskyldumiðaðrar þjónustu og mikil áhersla lögð á þverfaglega teymisvinnu í samvinnu við foreldra og þjónustuaðila. Sú vinna byggir á samábyrgð mismunandi aðila með ólík sjónarhorn og því er þörf á mikilli og góðri samvinnu allra þeirra stofnana sem koma að málum en það verður að segjast að þá samvinnu er nauðsynlegt að bæta.

Málstofa H föstudaginn 26. sept. Kl. 14:30 – 16:00
Salur B á fyrstu hæð
Meðferð í kjölfar áfalla og ofbeldis

Áfallamiðuð hugræn atferlismeðferð fyrir börn og unglinga

Dr. Berglind Guðmundsdóttir, yfirsálfræðingur á geðsviði Landspítalans.

Erindið fjallar um áfallamiðaða hugræna atferlismeðferð (Áfalla-HAM) fyrir börn á aldrinum 3. til 18. ára sem orðið hafa fyrir alvarlegum áföllum, ásamt umönnunaraðilum þeirra. Meðferðin er byggð á kenningum hugrænnar atferlismeðferðar, fjölskyldu og húmanískri hugmyndafræði. Rannsóknir hafa endurtekið sýnt að Áfalla-HAM er árangursrík meðferð við áfallastreituröskun og öðrum afleiðingum áfalla hjá börnum og unglingum. Sérfræðingar mæla af þeim sökum með að Áfalla-HAM sé fyrsta meðferð sem veitt er við afleiðingum áfalla. Fjallað verður um uppbyggingu og helstu þætti meðferðar. Fjallað verður sérstaklega um hlutverk og mikilvægi þátttöku foreldra/forráðamanna í meðferð.

Barn sem hluti af fjölskyldu.

Paola Cardenas, sálfræðingur og fjölskylduráðgjafi í Barnahúsi og Kristín Berta Guðnadóttir félagsráðgjafi og fjölskylduráðgjafi í Barnahúsi

Fjallað verður um barnið sem hluta af fjölskyldukerfi samkvæmt kenningum í fjölskyldumeðferð. Sem hluti af kerfi hefur barnið áhrif á aðra einstaklinga í fjölskyldunni og öfugt. Fjallað verður um það hvaða afleiðingar kynferðisofbeldi getur haft á fjölskylduna í heild sinni og áhrif á árangur meðferðar. Tekið verður dæmi um afleiðingar á fjölskylduna í kjölfar kynferðisofbeldis gegn barni og þær áskoranir sem hún stendur gjarnan frammi fyrir. Í lokin verður fjallað örstutt um framtíðar aðkomu Barnahúss að heimilisofbeldi og líkamlegu ofbeldi gegn börnum. Varpað verður fram spurningum hvað varðar stefnumótun í þeim.

Meðferð barna sem sýna óviðeigandi eða skaðlega kynhegðun

Anna Newton, sálfræðingur hjá Fangelismálastofnun

Frá árinu 2009 hefur Barnaverndarstofa boðið upp á sérhæfða meðferð fyrir börn sem sýna af sér óviðeigandi kynhegðun. Frá þeim tíma hafa rúmlega sextíu börn fengið þjónustu á vegum úrræðisins. Strax í upphafi var lögð áhersla á að börnin fengu hnitmiðaða og markvissa meðferð sem tekur mið af áhættuhegðun þeirra. Markmið meðferðarinnar er fyrst og fremst að draga úr líkum á áframhaldandi skaðlegri hegðun. Árangur er jákvæður og hefur einungis lágt hlutfall barna haldið áfram skaðlegri kynhegðun. Þó að ýmsar upplýsingar hafi legið fyrir í byrjun um tíðni og umfang vandans hefur reynslan leitt ýmislegt í ljós sem mikilvægt er að taka mið af í meðferð barna og ungmenna á þessu sviði. Það sem stendur upp úr er hve hátt hlutfall barnanna glímir við fjölþættan vanda og þarf stuðning úr mörgum áttum til að árangur verði sem mestur. Því tengdu er mikilvægt að veita forsjáraðilum og starfsmönnum barnaverndar stuðning og fræðslu á þessu sviði.